

## Reglur um menningarstyrki Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Markmið reglnanna er að styðja við og hvetja til öflugs, fjölbreytts og aðgengilegs menningarlífs í Sveitarfélaginu Hornafirði með því að efla frumkvæði einstaklinga, hópa, félaga og fyrirtækja sem standa að menningarverkefnum eða viðburðum. Lögð er áhersla á gagnsæi, jafnræði og skilvirkt ferli í úthlutun styrkja.

Sú breyting er frá fyrra fyrirkomulagi að nú hefur styrktarsjóður atvinnu- og menningarmálanefndar og fræðslu- og frístundanefndar verið sameinaðir auk þess sem nú verður eingöngu veittir styrkir til tímabundinna verkefna eða stakra viðburða, ekki verða veittir rekstrarstyrkir úr þessum sjóð. Einnig fara allar styrkumsóknir til sveitarfélagsins nú í gegnum samræmt ferli og eru auglýsingastyrkir fyrir logo, línur eða sambærilegt innifalið í verkefna/viðburðastyrkjum sveitarfélagsins og ber styrkhöfum að geta styrksins í sínu efni. Fræðslu- og frístundanefnd og atvinnu- og menningarmálanefnd bera sameiginlega ábyrgð á úthlutun úr sjóðnum. Óskir um rekstrarstuðning félagasamtaka skulu sendar til bæjarráðs sem tekur afstöðu til málsins og vísar beiðninni til viðeigandi sviðsstjóra til vinnslu.

### 1. Um verkefna- og viðburðastyrki

Verkefna- og viðburðastyrkir eru veittir til verkefna sem:

- eru skapandi og með afmarkað upphaf og endi
- hafa sýnileg áhrif á menningarlíf sveitarfélagsins
- stuðla að þátttöku íbúa og eflingu samfélags
- hafa skýra tengingu við Hornafjörð

### 2. Hverjir geta sótt um

Rétt til umsóknar hafa:

- einstaklingar með lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði
- félagasamtök, hópar og fyrirtæki sem starfa í sveitarfélaginu
- eftir atvikum aðrir einstaklingar ef verkefnið hefur sérstaka tengingu við íbúa og samfélag Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Styrkhæfur kostnaður er allur kostnaður sem fellur til vegna undirbúnings, framkvæmda og eftirfylgni afmarkaðra verkefna eða viðburða í Sveitarfélaginu Hornafirði. Ekki er veittur styrkur til grunnstarfsemi hópa, félaga eða fyrirtækja svo sem rekstrarkostnaður eða kostnaður vegna annarra reglubundinna verkefna. Umsækjendur þurfa að skila inn raunhæfri kostnaðaráætlun sem og fjármögnunaráætlun, auk þess að gera grein fyrir samfélagslegum ávinningum verkefnisins/viðburðarins.

### 3. Umsóknarferli

- Auglýst er eftir umsóknum í nóvember ár hvert
- Umsóknarfrestur skal ekki vera skemmri en 3 vikur
- Umsóknir skulu berast rafrænt í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins

- Umsókn skal innihalda:
  - upplýsingar um umsækjanda/-endur
  - greinargerð um verkefnið og markmið þess
  - verk-, tíma- og kostnaðaráætlun
  - upplýsingar um aðra styrki eða fjármögnun

Ófullnægjandi umsóknir eða þær sem berast eftir öðrum leiðum eða eftir tilgreindan umsóknarfrest verða ekki teknar til skoðunar.

#### 4. Mat á umsóknum

Atvinnu- og menningarmálanefnd og fræðslu- og frístundanefnd meta umsóknir samkvæmt matsviðmiðum með stigagjöf þar sem litið er til m.a.:

- skýrleika verkefnis
- menningarlegs gildis
- samfélagslegra áhrifa
- nýsköpunar og frumleika
- aðgengi og þátttaka
- framkvæmdar og undirbúningur
- sjálfbærni og framhald
- tenging við samfélagið/sveitarfélagið
- samræmi við áherslur nefndarinnar (sem auglýstar eru sérstaklega)
- aðrar styrkveitingar frá Sveitarfélaginu Hornafirði

Metin verður stigafjöldi hverrar umsóknar og ~~nefndin~~ nefndirnar tekur taka ákvörðun um úthlutun.

#### 5. Áherslur ársins

Matsnefndir geta skilgreint sérstakar áherslur eða þemu fyrir úthlutun hvers árs og verða þær eru birtar í auglýsingu þegar umsóknarfrestur hefst.

#### 6. Úthlutun og greiðsla styrkja

- Nefndirnar tilkynnir hvaða verkefni hljóta styrk á Menningarhátíð Sveitarfélagsins í mars ár hvert
- Starfsmanni nefndar er falið að fylgja eftir styrkjum og greiðslu þeirra skv. ákvörðun nefndar
- Styrkir eru greiddir út eftir að verkefni/viðburður hefur verið framkvæmdur, eða í undantekningar tilfellum þegar fyrir sé að af verkefninu verður
- Umsækjandi skal skila inn staðfestingu á verklokum til starfsmanns atvinnu- og menningarmálanefndar
- Sveitarfélagið getur óskað eftir reikningum, kvittunum eða staðfestingu á framkvæmd áður en greiðsla fer fram

- Styrkþegum ber að auglýsa viðburði sem hljóta styrk í viðburðadagatali sveitarfélagsins (birting@hornafjordur.is). Ef viðburður er ætlaður lokuðum hóp skal það koma fram í auglýsingunni auk tengiliðar verkefnisins.

## 8. Eftirfylgni og endurkröfur

Ef í ljós kemur að styrkur hefur ekki verið nýttur í samræmi við styrkveitingu eða ef verkefni/viðburður fer ekki fram samkvæmt áætlun á því ári sem styrknum er úthlutað, áskilur sveitarfélagið sér rétt til að:

- afturkalla styrk
- krefjast endurgreiðslu
- hafna framtíðar styrkumsóknum frá sama aðila þar til uppgjör liggur fyrir

## 9. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykkt bæjarstjórnar og gilda frá og með úthlutun ársins 2026 sem auglýst er í nóvember 2025. Reglur þessar koma í stað eldri reglna um styrki atvinnu- og menningarmálanefndar sveitarfélagsins.

Samþykkt á fundi Atvinnu- og menningarmálanefndar 5. nóvember 2025.

[Samþykkt í Bæjarráði Hornafjarðar 11. nóvember 2025](#)